

## Vindmylla í Vigur



*Vindmyllan í Vigur. GLH 2004.*

Byggingarár: Um 1860.


Hönnuður: Daníel Hjaltason forsmiður og gullsmiður að talið er.<sup>i</sup>

Í vörslu Þjóðminjasafns Íslands frá 1992.<sup>ii</sup>

Vindmyllan er timburmannvirki, 2,0 m að lengd og á breidd og 3,60 m á hæð. Undir myllunni er eins metra há timburgrind sem styður við tréstöpul sem mylluhúsið og kvörnin standa á og er grjóti hlaðið í grindina. Á myllunni er valmaþak, krossreist upp frá tveimur hliðum en brattara yfir dyrum á bakhlið og spöðum á framhlið. Vænghaf spaðanna er 4,30 m. Veggir eru klæddir listapili en þak pappklætt. Fyrir dyrum er okahurð klædd á sama hátt og veggir. Ofarlega á vegg hvorum megin dyra er lítill einnar rúðu gluggi. Undir dyrunum er slá sem mylluhúsinu er snúið með á stöplinum eftir vindátt. Tannhjól og umbúnaður um myllusteina eru smíðuð úr tré og styrkt með járnböndum.



*Vindmyllan, horft inn í myllubúsið. GLH 2004.*



*Vindmyllan í Vigur, skurðmyndir. Teikningar Stefáns Jónssonar arkitekts.*

<sup>1</sup> Hörður Ágústsson. *Íslensk byggingararfleið* I. Ágrip af húsagerðarsögu 1750-1940, 114. Reykjavík 1998.

---

“ Húsafríðunarnefnd. Skjalasafn. Vindmylla í Vigur.